

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 543, 19. júní 2007, um veiðar á samningssvæði  
Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO 2007.

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 16. gr. orðist svo: Rækjuveiðar eru heimilar á þeim hluta deilisvæði 3L sem er austan línu sem liggur milli 46°00' N - 47°53' V, 46°40' N - 47°20' V og 47°19' N - 47°43' V á tímabilunum 1. janúar - 31. mars og 1. júlí - 31. desember 2007.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands með síðari breytingum og laga nr. 57, 3 júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. ágúst 2007.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Steinar Ingi Matthíasson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 9. ágúst 2007